



SAMBAND SVEITARFÉLAGA
Á SUÐURNESJUM

Skógarbraut 945 • 235 Reykjanesbær • Kt. 640479-0279
Sími 420 3288 • Netfang sss@sss.is

Alþingi – nefndasvið
b.t. fjárlaganefndar
Austurstræti 8-10
101 REYKJAVÍK

Reykjanesbær 15. október 2020

Efni: Umsögn um fjármálaáætlun 2021-2025, 2. mál.

Þann 19. júní 2019 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu um stöðu sveitarfélaganna á Suðurnesjum. Með þingsályktuninni var ríkisstjórninni falið að skipa starfshóp fulltrúa sveitarfélaga á Suðurnesjum og fimm sérfræðinga úr forsætisráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti og velferðarráðuneyti (nú félagsmálaráðuneyti og heilbrigðisráðuneyti) til að vinna tímasetta aðgerðaáætlun um hvernig efla megi þjónustu ríkisins við íbúa á Suðurnesjum og mæta mikilli fólksfjölgun á svæðinu.

Í framhaldi af undirbúningsvinnu ráðuneytisins og með hliðsjón af ályktun Alþingis skipaði samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, í ágúst 2019, starfshóp til að vinna að framgangi verkefnisins og vera um leið formllegt samráðsteymi með vísan til byggðaáætlunar.

Starfshópurinn skilaði af sér niðurstöðu í maí á þessu ári í formi aðgerðaráætlun en þar segir m.a.

„Lagt er til að viðkomandi fagraðuneyti skoði og meti nánar fjárframlög til einstakra stofnana á Suðurnesjum við fjárlagagerð 2021 og vinnslu fjármálaáætlunar yfirstandandi árs. Þannig verði strax hægt að greina úrbótatækifæri af hálfu ríkisvaldsins m.a. í formi hærri fjárveitinga sem taki mið af íbúavexti og umfram allt hlutlægu mati á þjónustuþörf“.

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum ítrekar þessa niðurstöðu og hvetur fjárlaganefnd til þess að hafa hana að leiðarljósi við gerð fjármálaáætlunar 2021-2025.

Í viðhengi á umsögn þessari er að finna tengil á aðgerðaráætlun fyrir Suðurnes.

Virðingarfyllt,
f.h. Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum

Berglind Kristinsdóttir

Berglind Kristinsdóttir
framkvæmdastjóri